

AUGLÝSING um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 150. löggjafarþings, frá 29. júní 2020 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 27. ágúst 2020.

Gjört á Bessastöðum, 29. júní 2020.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Katrín Jakobsdóttir.“

Alþingi samþykkti hinn 29. júní 2020 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 150. löggjafarþings, frestað hinn 30. júní 2020.

Forsætisráðuneytinu, 1. júlí 2020.

F. h. r.
Bryndís Hlökkversdóttir.

Ágúst Geir Ágústsson.